

AUGLÝSING

um breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar.

Skipulagsstofnun staðfesti þann 15. desember 2016 breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027, sem samþykkt var í sveitarstjórn 17. nóvember 2016.

Með breytingunni verður akstursípróttasvæði vestan Bjarga, O13, stækkað, markað er nýtt skot-svæði vestan Ljósár á Reyðarfirði, O23 og skotæfingarsvæði ofan við Kolabotna við Eskifjörð, O10, er fellt niður.

Málsmeðferð var samkvæmt 1. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Skipulagsstofnun, 15. desember 2016.

Ásdís Hlökk Theodórsdóttir.

Ottó Björgvin Óskarsson.

B-deild – Útgáfud.: 2. janúar 2017